

Miðvikudaginn 16. apríl 1947.

Kærumálið nr. 3/1946. **Árni Sigfússon**

(Hrl. Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Boga Brynjólfssyni (Hrl. Magnús Thorlacius).

Setudómarar bæjarfógeti Guðmundur Í. Guðmundsson
og próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar
og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Kærður úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands um
þóknun málflutningsmanns. Málinu vísað frá hæstarétti.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 13. marz 1946, er hingað barst 18. s. m., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar úrskurði stjórnar Lögmannafélags Íslands, uppkveðnum 9. s. m., um kröfu varnar aðilja á hendur sóknaraðilja til ákvörðunar endurgjalds fyrir málflutningsstörf Magnúsar hæstaréttarlögmanns Thorlacius við heimtu skaðabótakröfu sóknaraðilja á hendur herstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku vegna afnota af húsi hans í Vestmannaeyjum. Krefst sóknaraðili þess aðallega, að varnaraðilja verði ekki dæmd nein ómakslaun, en til vara, að þau verði ekki ákveðin hærri en kr. 300.00. Svo krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að nefnd ómakslaun verði ákveðin kr. 5000.00, að umboðsmanni sóknaraðilja verði dæmd þyngsta refsing, er lög leyfa, og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða kærumálskostnað eftir mati hæstaréttar.

Mál þetta er í heild mjög umfangsmikið, og ákvað hæstiréttur því, að ágrip skyldi gert af málskjöllum og málið flutt munnlega fyrir dóminum, sbr. 3. málsg. 199. gr. laga nr. 85/1936. Vegna forfalla og veikinda málflytjenda, aðallega þó vegna málflytjanda sóknaraðilja, hefur málflutningur ekki getað farið fram fyrr en nú. Ákvað hæstiréttur málflutning um formhlið málsins sérstaklega.

Með stefnu 11. apríl 1945 höfðaði varnaraðili mál í héraði á hendur sóknaraðilja, m. a. til greiðslu ofan nefndra

ómakslauna. Á meðan á málarekstri þessum stóð, leitaði varnaraðili álots gjaldskrárnefndar Lögmannafélags Íslands um ómakslaunin og krafðist síðan úrskurðar stjórnar sama lögmannafélags um þau. Hefur sá úrskurður nú verið kærður til hæstaréttar, svo sem áður segir.

Með höfðun og áframhaldandi rekstri máls fyrir héraðsdómi til greiðslu oftnefndra ómakslauna, hefur varnaraðili svipt aðilja færi á því að öðlast um þau úrskurð stjórnar Lögmannafélags Íslands, er kærður yrði til hæstaréttar samkvæmt 8. gr. laga nr. 61/1942. Verður því úrlausn stjórnar Lögmannafélagsins einungis skoðuð sem álitssgerð, er ekki verður metin úrskurður samkvæmt nefndri lagagrein. Ber samkvæmt þessu að vísa málinu frá hæstarétti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Umboðsmaður varnaraðilja hér fyrir dómi, Magnús hæstaréttarlögmaður Thorlacius, hefur í greinargerð, sem hann hefur sent hæstarétti, haft óviðurkvæmileg ummæli um Eggert hæstaréttarlögmann Claessen. Ber að víta ummæli þessi.

Dómsorð:

Framangreindu kærumáli visast frá hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 9. marz 1946.

I.

Með stefnu, útgefinni 11. apríl 1945, höfðaði sóknaraðili, Bogi Brynjólfsson fyrrverandi sýslumaður mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn varnaraðilja, Árna Sigfússyni kaupmanni, Vestmannaeyjum, til greiðslu á þóknun og útlögðum kostnaði vegna starfa hrl. Magnúsar Thorlacius fyrir varnaraðilja í sambandi við bótakröfu á hendur herstjórn Bandaríkjahers hér á landi, en kröfu þessa hafði sóknaraðili fengið framselda. — Umboðsmaður varnaraðilja boðaði það í greinargerð, sem lögð var fram í bæjarþinginu þann 30. maí s. l., að hann myndi leita úrskurðar stjórnar Lögmannafélags Íslands um það, hvaða endurgjald Magnúsi Thorlacius beri fyrir umrædd störf. Þessa yfirlýsingu ítrekaði umboðsmaður varnaraðilja í bréfi til gjaldskrárnefndar lögmannafélagsins í sambandi við ósk

Magnúsar Thorlacius um vottorð gjaldskrárnefndarinnar um upphæð þóknunarinnar.

Að gefnu þessu tilefni skaut sóknaraðili ágreiningsmáli þessu til stjórnar L. M. F. Í. með bréfi, dags. 12. nóv. s. l. Stjórnin boðaði sóknaraðilja og málflutningsmann varnaraðilja á sinn fund, og var málið tekið fyrir þann 24. nóvember.

Lagði sóknaraðili þá fram greinargerð ásamt afritum skjala þeirra, sem fyrir bæjarþinginu liggja, og skjölum þeim, sem lágu fyrir gjaldskrárnefnd. Gerir hann þá dómkröfu, að þóknun Magnúsar Thorlacius fyrir umrædd störf verði ákveðin kr. 5000.00.

Umboðsmaður varnaraðilja vísaði til greinargerða þeirra og annarra skjala, sem fyrir liggja af hans hálfu meðal nefndra gagna, og gerði þá dómkröfu, að *allega* að stjórnin úrskurðaði, að Magnúsi Thorlacius bæri engin þóknun fyrir greind störf, en *til vara*, að honum yrði ákveðin eigi hærri þóknun en kr. 300.00.

Aðiljar lýstu yfir því, að þeir óskuðu ekki að færa frekara fram í málinu, og var það tekið undir úrskurð, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun.

II.

Málavextir eru þeir, að með umboði, dags. 26. janúar 1943, fól varnaraðili Magnúsi Thorlacius að innheimta bætur vegna skemmda á húsi sínu, Skálholt í Vestmannaeyjum, svo og húsaleigu, en hús þetta hafði fyrst brezka herstjórnin og síðar hin ameríska haft á leigu. Var húsið allmjög skemmt eftir hersetuna. Magnús Thorlacius hóf viðræður og samningaumleitanir við fulltrúa herstjórnar Bandaríkjanna, og fór fyrsta viðtalið fram þann 1. marz. Lenti þegar í allmiklu þófi, og var deilt um það m. a., hvort og þá hvenær húsaleigusamningnum hefði verið sagt upp, hvort Bandaríkjunum bæri að bæta tjón, sem Bretar höfðu valdið, og hversu staðreyna skyldi tjónið af skemmdunum. Hafði fulltrúi herstjórnarinnar á móti því, að matsmenn yrðu dómkvaddir til að meta skemmdirnar, og kom þeim, honum og M. Th., saman um að leggja til, að aðiljar nefndu sinn manninn hvor til að meta skemmdirnar. Varnaraðilja leizt ekki á þessa tilhögun, og var því ekki horfið að því ráði. Að því er M. Th. skýrir frá í greinargerð sinni til gjaldskrárnefndar, en skýrslu hans um gang málsins hefur ekki verið mótmælt út af fyrir sig, — átti hann fleiri viðtöl við sama Bandaríkjamanninn í marzmánuði. Hinn 3. apríl átti M. Th. fund með öðrum fulltrúa herstjórnarinnar, sem féllst á, að matsmenn yrðu dómkvaddir, og óskaði þess, að matinu yrði flýtt. Með því að þá var ekki vitað um ferð til Vestmannaeyja á næstunni, símaði M. Th. til varnaraðilja og lýsti fyrir honum, hvernig matsbeiðnin skyldi úr garði gerð, og bentu honum á að leita aðstoðar matsdómara um það. Orðalag matsbeiðninnar varð óheppilegt. Fjórir matsmenn voru útnefndir, og er matsgerð þeirra dags. 10. apríl 1943. Mátu þeir skemmdirnar á kr. 73180.20. Setti

varnaraðili síðan fram kröfu, að upphæð um kr. 79000.00, og var þar innifalinn matskostnaður og húsaleiga.

Í viðtali 3. maí og bréfi 10. maí gagnrýndi herstjórnin matsgerðina mjög. Taldi hún, að þar væri metið, hvað kosta myndi fullkomin viðgerð á húsinu, hátt og lágt, en ekki aðeins á skemmdum, sem herinn hafði valdið umfram eðlilegt slit, enda var í matsgerðinni meðal annars gert ráð fyrir viðgerð á þaki vegna ryðbruna. Var þess getið í bréfinu, að verkfræðingar hersins teldu skemmdir þær, er bæta skyldi, nema um 9 þús. krónum.

Í 13. gr. leigusamningsins við Bandaríkin er ákvæði um, að ágreiningur um bætur eða skemmdir skuli lagður í gerð sendiherra Bandaríkjanna og eins af dómendum hæstaréttar. Snéri nú M. Th. sér til dómsmálaráðherra með beiðni um, að hann leitaði eftir því við hæstarétt, hvort hann vildi tilnefna einn dómara til slíkrar gerðar. Sú leið reyndist ekki fær, enda hafði ákvæði þetta verið sett að hæstarétti fornsþurðum.

Í síðari hluta júlímánaðar fór nefnd verkfræðinga frá herstjórninni til Vestmannaeyja. Yfirheyrði hún matsmennina og endurskoðaði matsgerð þeirra. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að hæfilegar bætur fyrir skemmdirnar væru kr. 36574.00, og var sú upphæð sundurliðuð í bréfi til M. Th. 30. júlí. Átti M. Th. fjóra fundi með nefnd þessari síðustu dagana í júlí. Í bréfinu var boðin greiðsla á upphæð þessari auk kr. 507.83 í leigu, að áskildu samþykki yfihershöfðingjans og tiltekins aðilja í Washington. — M. Th. sendi varnaraðilja bréf þetta, og í símtali 12. ágúst benti hann honum á að fá umsögn matsmannanna um niðurfærslur verkfræðinganeftardarinnar. Ekki varð þó úr því að sinni. Nokkru síðar kom annað boð frá herstjórninni um greiðslu á 5000 dollurum (kr. 32363.50), og upplýstist þá, að hærri upphæð var óheimilt að greiða nema með samþykki Bandaríkjaþings. Fór M. Th. fram á, að umbjóðandi hans mætti taka við þessari upphæð með fyrirvara, en því var neitað. Í bréfi 22. september skýrir M. Th. varnaraðilja frá því, að hann hafi frétt um frumvarpið að lögum nr. 99/1943, og taldi því rétt að biða átekta. Átti nú M. Th. í bréfaskriftum og viðræðum við herstjórnina og varnaraðilja um hrið, og kom það fram, að varnaraðili vildi, að M. Th. sýndi meiri hörku í viðskiptum við herstjórnina.

Í nóvemberbyrjun kom varnaraðili til Reykjavíkur. Ræddi M. Th. þá við hann um þá megingalla, sem hann taldi vera á matsgerð hinna dómkvöðdu manna, m. a. á fundi með utanríkisráðherra, að sögn M. Th. Síðan skrifaði hann 4. nóvember Friðþjófi Johnsen, héraðsdómslögmanni í Vestmannaeyjum, og bað hann að hlutast til um, að matsmennirnir yrðu yfirheyrðir fyrir rétti og látnir vinna eið að framburði sínum. Lýsti hann því, hverjir gallar væru á matsgerðinni að sínum dómi, og óskaði þess, að það yrði skýrt fyrir matsmönnum. Jafnframt sendi hann sundurliðun verkfræðinganeftardar-

innar og úttektargerð á húsinu frá 3. október 1940. Yfirheyrsla matsmannanna fór fram þann 26. nóvember og lyktaði með því, að þeir staðfestu matsgerð sína að öllu leyti og unnu eið að.

Þegar svo var komið, taldi M. Th. óhjákvæmilegt, að nýtt mat færi fram. Skrifaði hann varnaraðilja um þetta 17. og 18. desember og sendi honum fyrirmynd að nýrri matsbeiðni og fleiri skjöl í því sambandi. Varnaraðili svaraði með símskeyti og neitaði nýju mati, en hélt fast við allar kröfur í samræmi við margnefnda matsgerð. M. Th. skrifaði varnaraðilja um hæl og lagði mjög fast að honum að fara að sínum ráðum. Gat hann þess jafnframt, að hann hefði fengið því áorkað, að herstjórnin sendi fulltrúa til að vera viðstaddan yfirmatið, og að yfirmatið myndi því verða siðferðilega skuldbindandi fyrir hana. Varnaraðili neitaði enn og sagði, að annað hvort yrði M. Th. að „krefjast tafarlausrar greiðslu bótanna ásamt viðbættu leigutjóni“ eða hætta ella öllum afskiptum af málinu.

Gekk nú enn á viðræðum við herstjórnina um hrið svo og við meðráðamann, sem varnaraðili hafði fengið sér, án þess að neitt ynnist á. Með bréfi 27. marz 1944 lagði varnaraðili fyrir M. Th. að leggja málið fyrir íslensk-amerísku matsnefndina og, ef það yrði árangurslaust, þá að höfða mál gegn ríkissjóði. Næsta dag ritaði M. Th. nefndinni og gerði kröfu um kr. 75380.00. Svar nefndarinnar barst M. Th. um 20. júní. Var það algerlega neikvætt. Skýrði hann varnaraðilja frá þessu í símtali samdægurs, og var þá afráðið, að mál skyldi höfðað gegn ríkissjóði. Fól varnaraðili M. Th. að höfða málið og staðfesti þetta með símskeyti að ósk M. Th.

Málið höfðaði M. Th. með stefnu, útgefinni 10. júlí. Þann sama dag kom varnaraðili að máli við M. Th. á skrifstofu hans og bað um að fá afhent nokkur skjöl viðvikjandi málinu. Færðist M. Th. undan því að afhenda honum frumritin, þar sem herstjórnin hefði óskað viðtals við hann, og hann því þyrfti á skjölunum að halda. Næsta dag ritaði varnaraðili M. Th. bréf og óskaði afhendingar tiltekinna skjala, 10 að tölu, „fyrir kl. 3 e. h. í dag“. Gaf hann jafnframt þá skýringu, að hann þyrfti á skjölunum að halda vegna tilrauna til lánsútvegunar. M. Th. afhenti ekki skjölin, enda kveðst hann ekki hafa komið í skrifstofuna þenna dag. Næsta dag, 12. júlí, ritaði varnaraðili M. Th. og lýsti því yfir, að þar sem hann hefði ekki afhent sér umbeðin skjöl „svo og af öðrum ástæðum“ afturkallaði hann umboð M. Th. til að gæta hagsmuna sinna í málinu. Bréfi þessu svaraði M. Th. 21. júlí og skýrði varnaraðilja þá frá málshöfuninni og lét þess getið, að áfallinn málskostnaður næmi kr. 5594.15.

III.

Sóknaraðili byggir kröfu sína á því, að samkvæmt fastri venju beri að telja full málflutningslaun áfallin, eftir að M. Th. gaf út stefnuna 10. júlí 1944, en málflutningslaun af málsupphæð milli 70

og 80 þús. krónur nemi 5000 kr. samkvæmt nágildandi gjaldskrá. Þá bendir hann og á, að málinu hafi verið samfara mikið og óvenjulegt erfiði.

Varnaraðili byggir kröfur sínar á því í *fyrsta lagi*, að hér sé um innheimtu að ræða og að M. Th. hafi lýst því yfir, er málið var á byrjunarstigi, að þóknun hans myndi nema ca. 2600 kr., ef öll upphæðin samkvæmt matinu innheimtist. Hljóti því þóknunin, ef nokkur verður, að verða miklu lægri, þar sem M. Th. hafi ekkert innheimt. Í *öðru lagi* byggir hann kröfurnar á því, að M. Th. hafi ekkert raunhæft aðhafzt í málinu, heldur þvert á móti unnið málstað varnaraðilja stórkostlegt tjón með því að viðurkenna, að matsgerð hinna dómkvöddu manna væri byggð á röngum grundvelli. — Þá mótmælir hann, að nokkur slík venja sé ríkjandi, sem sóknaraðili heldur fram, sem og því, að heimilt sé að miða við nágildandi gjaldskrá, enda hafi hún ekki öðlazzt gildi fyrr en í desember 1944.

Það verður ekki á það falli, að aðgerðir M. Th. í máli þessu hafi verið slíkar, að þær svipti hann rétti til þóknunar fyrir störf sín. Miklu fremur virðist hann hafa haldið á málinu af lagni, þegar þess er gætt, að lengst af var ekki annars kostur en að fara samningaleiðina, og að jafnvel eftir að lög 99/1943 voru sett, var ekki, meðan M. Th. fór með málið, hægt að fá dómsúrskurð um hærri upphæð en 50 þús. kr. Ekki þykir heldur annað sýnt en að afstaða hans til matsgerðarinnar hafi verið rétt.

Kemur þá til álita, hvernig ákvarða skuli þóknunina. Ekki verður á það falli, að hér verði höfð hliðsjón af reglunum um innheimtulaun af kröfum, svo viðamiknið og erfitt sem mál þetta reyndist, enda verður ekki talið, að útreikningur M. Th. á innheimtulaunum af matsupphæðinni sé skuldbindandi að þessu leyti. — Á hinn bóginn hefur sóknaraðili heldur ekki gegn mótmælum varnaraðilja sýnt fram á það, að það sé föst venja að telja full málflutningslaun áfallin við útgáfu stefnu, þegar skjólstæðingur á í hlut.

Þykir því verða að meta þóknun M. Th. eftir þeirri fyrirhöfn og vinnu, sem hann lagði í málið. Eins og rakið er hér að framan, að visu aðeins í aðaldráttum, hefur fyrirhöfn M. Th. fyrir málinu verið mjög mikil. Skjöl málsins eru á annað hundrað, þar af nálægt 60 bréf frá M. Th. og til hans. Þá hefur hann átt mikinn fjölda funda, viðræðna og samtala um málið. Einnig ber á það að líta, að þegar málið var af honum tekið, án þess að séð verði, að gildar ástæður hafi verið til, virðist hann hafa verið búinn að leysa af hendi mikinn hluta þeirrar vinnu, sem nauðsynleg var vegna málsóknar. Með tilliti til þess, sem nú hefur verið rakið, svo og til hagsmuna þeirra, sem um var að tefla, þykir þóknun Magnúsar Thorlacius fyrir ofangreind störf hæfilega ákveðin kr. 4500.00.

Dráttur nokkur hefur orðið á uppkvaðningu úrskurðar þessa.

Stafar hann af því, að málið er mjög umfangsmikið og að skjölin hafa orðið að ganga á milli dómendanna.

Úrskurð þenna kváðu upp Gunnar J. Möller varastjórnandi, Gunnar E. Benediktsson og Ágúst Fjeldsted.

Því úrskurðast:

Póknun hrl. Magnúsar Thorlacius fyrir störf hans í ofangreindu máli ákveðst kr. 4500.00.

Fimmtudaginn 17. apríl 1947.

Nr. 74/1946. **Oddný E. Sen** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn

Ólínu Erlendsdóttur (Hrl. Magnús Thorlacius).

Setudómarar hrl. Einar B. Guðmundsson, bæjarfógeti Guðmundur Í. Guðmundsson og próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar, hrd. Jóns Ásbjörns-sonar og hrd. Þórðar Eyjólfs-sonar.

Húsnæðismál. Útburður.

Dómur hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógeta, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 31. maí f. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og stefnda verði dæmt að greiða henni málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda verði gert að greiða henni málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Þegar stefndi sagði áfrýjanda upp húsnæði því, sem hún hafði á leigu í húsinu nr. 6 við Amtmannsstíg, hafði dóttir stefnda gengið í hjónaband og átti von á barni. Annar sonur stefnda bjó þá í herbergi í kjallara hússins, sem er óvistlegt og illa fallið til íbúðar. Var stefnda af þessum sökum brýn nauðsyn að fá til afnota handa börnum sínum hús-